

**137. fundur skólanefndar ME,
haldinn 21. sept. 2017 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson og Anna Björk Guðjónsdóttir ásamt varamönnunum Halldóri B. Warén og Láru Vilbergsdóttur. Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Esther Ösp Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Aron Steinn Halldórsson f.h. nemenda, Hlynur Ármannsson f.h. kennara og Steinunn Snædal f.h. foreldra.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 136
2. Byrjun skólaársins
3. Breytingar í starfsmannamálum í haust
4. Gjaldskrármál fyrir haust 2017 til skoðunar
5. Fjárlagatölur fyrir ME 2018.
6. Sjóðamál.
7. Frá nemendafélagi ME
8. Önnur mál.

Skúli Björn setur fund um kl. 17:00.

Enn stendur á ráðuneyti að skipa skólanefnd og fyrirséð að það taki nokkrar vikur í viðbót. Gamla skólanefndin situr þar til búið er að skipa nýja.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 136

Fundargerð 136 staðfest með undirritun á fundinum.

2. Byrjun skólaársins

Árni Óla gerir grein fyrir upphafi skólaársins nú þegar nákvæmlega mánuður er liðinn. Um 270 voru skráðir til leiks, þar af 64 nýnemar fæddir 2001.

Virkir fjarnemar eru um 190 talsins í um 260 áföngum. Auk þess er einn skiptinemi skráður við skólann.

Gangurinn í skólastarfinu hefur verið ágætur en mætingar á fyrsta fjarvistatímabili ekki viðunandi. 80 nemendur, eða um þriðjungur dagskólahópsins, var undir fjarvistamörkum. Af þessu tilefni var haldinn fundur með nemendum á sal og foreldrum send brýning í tölvupósti.

Samstarfsnefnd hefur fundað um kjaramál og Guðríður, formaður FF, fundaði með nefndinni nýverið.

Farið var í nýnemagöngu yfir Hallormsstaðaháls í góðu veðri og endað í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað þar sem borið var fram bakkelsi.

Nýnemavígslan gekk vel undir stjórn nemendafélagsins. Nemendafélagið ætlar að bæta sig í tiltekt eftir vígluna á næsta ári.

Nemendafjöldinn er heldur minni en í fyrra þó ekki muni miklu. Þegar þetta er skrifiað stendur dagskólfjöldinn í 255. Það stefnir í nokkuð stóra jólaútskrift í ár, 23 dagskólanemendur og 13 fjarnemar eru skráðir til útskriftar.

3. Breytingar í starfsmannamálum í haust

Árni fer yfir breytingar í starfsmannamálum í haust (sjá fylgiskjalið „Staða í starfsmannamálum haustið 2017“). Manna tókst allar stöður nema 75% stöðu í ræstingum. Fjarðaþrif tóku stöðuna að sér til áramóta.

4. Gjaldskrármál fyrir haust 2017 til skoðunar

Árni hefur skoðað gildandi gjaldskrá í samráði við hlutaðeigandi aðila innan skólans. Hann leggur til að gildandi gjaldskrá standi óbreytt á þessu skólaári. Sú tillaga samþykkt af fundarmönnum.

Hlynur spyr um jafnvægið á milli skóla á Austurlandi í fjarnáminu, hvort ME sé að senda fleiri eða færri nemendur til VA og FAS en koma til frá þessum skólum til ME. Svör eru ekki á reiðum höndum en forvitnilegt væri að afla þessara upplýsinga.

5. Fjárlagatölur fyrir ME 2018

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 er ME með 522,5 milljón króna, þ.e. 484 milljónir framlag úr ríkissjóði og 38,5 milljónir í sértekjur, m.a. vegna sumarleigu. Þetta er hækkun um 14,3 milljónir frá árinu áður en dugir þó varla fyrir visitöluhækkunum enda hafa nemendaígildi verið skert úr 291 niður í 274.

Þjónustuframlag og útskriftarframlag bætast inn í nýtt reiknilíkan sem er í smíðum að sögn Skúla Björns. Umræður skapast um frekari breytingar á líkaninu, s.s. að nemendaígildi verði talin snemma á önn/spönn í stað þess að telja þau í lokin. Stefna stjórnvalda er að nýtt reiknilíkan verði að fullu komið í notkun árið 2019.

6. Sjóðamál

Skúli greinir frá því að verið sé að ganga frá sameiningu Menningarsjóðs prófasthjónanna frá Hofi og Skólasjóðs ME. Stjórn Menningarsjóðsins hefur þegar samþykkt sameininguna á stjórnarfundi og reiknað er með að sjóðsstjórn Skólasjóðsins geri það sama strax að loknum skólanefndarfundi.

Stefnt er að því að sameininging taki gildi um áramótin með nýrri skipulagsskrá. Úr verður rúmlega 30 milljón króna sjóður með sveigjanlegri úthlutunarskilmálum en verið hafa.

Eina verkefnið sem eftir er hjá Menningarsjóðnum er að skanna *Ættir Austfirðinga* og setja á netið. Vinna við það gengur vel.

7. Frá nemendafélagi ME

Aron segir frá starfsemi NME en virkni í félagslífínu er með ágætum. Meðal viðburða á fyrsta mánuði skólaársins voru nýnemavígsla 24. ágúst, nýnemaball 25. ágúst, kosning nýnemafulltrúa (Jónas Pétur Gunnlaugsson) auk þess sem þrír nemendur fóru á SÍF þing og ræddu endurvakningu á söngkeppni framhaldsskólanna ásamt fleiru. Samþykkt var á fundinum að keppnin yrði haldin

á Akureyri á vorönn 2018. Einnig var samþykkt að innan hvers skóla yrði skipaður hagsmunafulltrúi. Flestar nefndir NME eru búnar að funda og ýta starfseminni úr vör. Framundan er fundur miðstjórnar félaga í NME. Næsta ball er fyrirhugað 27. október.

Árni Óla bætir því við að verið sé að ræða við leikstjóra sem verður hugsanlega með námskeið fyrir áramót og stýrir leikriti skólans eftir áramót. LME er að skoða möguleika á uppsetningu söngleiks.

8. Önnur mál

a) Frá foreldrafélagi ME

Steinunn Snædal gerir grein fyrir starfsemi foreldrafélagsins. Ágæt mæting var á aðalfund félagsins sem fór fram í kjölfar fundar með foreldrum nýnema sunnudaginn 27. ágúst. Steinunn Snædal og Guðrún Ragna Einarsdóttir héldu áfram í stjórn og Björn Ingimarsson, Guðný Drífa Snædal og Jónína Jónsdóttir voru kosin ný inn.

Þrjár voru á foreldrarölti á nýnemaballi sem fór vel fram.

b) Áframhaldandi starfsemi Húsó

Fundurinn fagnar því að mennta- og menningarmálaráðuneytið er búið að skrifa undir nýjan samning við Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað og hann tekinn til starfa á ný.

Ekki fleiri önnur mál og ekki ákveðið með næsta fund að sinni þar sem óljóst er með skipan nýrrar skólanefndan.

Skúli Björn slítur fundi kl. 17:47.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.



